

RÍKISSTJÓRABRÉF**24**

23. maí

um frestun á fundum Alþingis.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS*gjörir kunnugt:*

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis þess er nú situr, frá því er venjulegum störfum þess verður svo langt komið, að ekki þykir ástæða til lengra þinghalds að sinni, til þess dags, er almennar kosningar til Alþingis fara fram á þessu sumri.

*Gjört í Reykjavík, 23. maí 1942.***Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Ólafur Thors.***RÍKISSTJÓRABRÉF****25**

23. maí

um alþingiskosningar.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS*gjörir kunnugt:*

Með því að ég hef með bréfi, dagsettu í dag, rofið Alþingi frá þeim degi að telja, sem almennar kosningar til Alþingis fara fram á þessu sumri, ber samkvæmt stjórnarskránni að láta almennar kosningar til Alþingis fara fram.

Fyrir því mæli ég svo fyrir, að almennar kosningar til Alþingis skuli fara fram sunnudaginn 5. júlí n. k.

*Gjört í Reykjavík, 23. maí 1942.***Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Ólafur Thors.***RÍKISSTJÓRABRÉF****26**

23. maí

um þingrof.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS*gjörir kunnugt:*

Þar eð Alþingi hefur samþykkt frumvarp til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá ríkisins 18. maí 1920, og stjórnarskipunarlögum nr. 22, 24. marz 1934, verður samkvæmt 75. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. téð stjórnarskipunarlög, að rjúfa Alþingi.